

tölu á hverjum stað, og legg eg svo fyrir, að í hverri sókn, þótt fámenn sé, seu 2 meðhjálp-⁵⁶parar, en seu yfir 300 manns í sókninni, þá að minsta kosti 3 auk forsöngvara, sé hann ekki einnig meðhjálpari, og vilduð þér þóknanlega annast um, að þetta skipulag komist sem fyrst á í prófastsdæminu, og að prestarnir tilkynni yðr bæði, hverjir nú eru meðhjálp-^{23. oktbr.}parar í sóknum þeirra og hverjum þeir kunna við að bæta, og eiga þeir að gefa 1868.
meðhjálpurunum erindisbréf, ef þeir óska þess; en skýrslu um nöfn og heimili allra þessara heidrmanna óska eg að fá frá yðr á sínum tíma. Að endingu bið eg yðr að birta öllum prestum yðar þetta bréf mitt, en þeir birti það aptr söfnuðum sínum.

Bréf biskups (til allra prófaste).

Eptir ósk prófasteins í Árnessýslu og presta þar, hefi eg kastað upp hjálögðu formi⁵⁷ til erindisbréfs fyrir meðhjálpara, og bið eg yðr herra prófastr, að láta það berast milli 19. apríl
prestanna í yðar prófastsdæmi, svo að þeir geti haft það sér til hlidsjónar og notað úr 1868.
því það sem þeim sýnist.

Erindisbréf

fyrir N. N. til að vera meðhjálpari í N. sókn.

Eg N. N.

gjörri heyrum kunnugt: að eg með þessu bréfi mínu kys N. N. fyrir meðhjálpara minn í N. sókn, og skal hann trúlega gæta allra þeirra skyldna, sem lögin leggja meðhjálpurum á herðar, og aðstoða mig að því leyti honum getr borð í embætti mínu bæði utan kirkju og innan. Hann skal jafnan gæta þess, að alt fari reglulega fram í kirkjunni bæði við messugjörð, barnaspurningar og hver önnur embættisverk, sem eg þarf þar að vinna, og annast um hringingar, messuskrúða, sálmabækur og annað það, er til messugjörðarinnar heyrir, meðan á henni stendr, eptir minni fyrirsögn. Einnig skal hann hafa gætr á því, að á helgum dögum sé engin óregla framin fyrir eða eptir messu á kirkjustaðnum, og tilkynna mér jafnskjótt, ef hann verðr var við eitthvað þess háttar, sem hann getr ekki sjálf afstýrt. Sömuleiðis skal hann af fremsta megni vera mér hjálplegr til að viðhalda reglu og efla siðgæði í söfnuðinum, og tilkynna mér ef hann verðr var við nokkurt hneyxli í sókninni. Eius og hann sjálf á að vera öðrum til góðrar fyrirmyndar, eins ber honum og að vera mér hjálplegr í að koma í veg fyrir drykkjuslark og aðra óreglu á helgum dögum og endranær, bæta samlyndi hjóna og efla ungdómsins uppræðingu, og ætíð vera fús á að leggja það gott til, sem hann getr, þegar eg kveð hann til ráðaneytis í kirkjulegum málefnum. Yfir höfuð á hann að sýna það í orði og verki, að hann sé einhver hinn bezt og heidvirdasti maðr í sókninni, og að hann fyrir þá skuld sé af mér kallaðr til þessarar heidrsstöðu í söfnuðinum og svari til þess.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Með heidruðu bréfi 13. f. m. hafð þér herra amtmaðr tjáð mér ummæli þau, er eg hafði beiðst, um þrætu þá, er gjörst hefir meðal Þorkelshóls og Sveinstaðahrepps í Húnavatnssýslu um framfærslu Magnúsar nokkurs Guðmundssonar, bónda á Auðunnarstöðum, og er krafa Þorkelshólshrepps í máli þessu samkvæmt bréfi hreppstjórans 20. júlí 1867, að Magnús verði dæmdr þurfamaðr Sveinstaðahrepps, og að hreppr þessi verði skyldaðr til bæði að veita Magnúsi allan nauðsynlegan styrk framvegis og sömuleiðis endrborga Þorkelshólshreppi allan þann styrk, sem hann hingað til hefir veitt honum, og sem nú er orðinn að upphæð alls 62 rd. 72 sk.

Málsaðilum ber saman um, að Magnús sé fæddr í Sveinstaðahreppi, og kom á vinnu-

58
30sta
septbr.
1873.

hjúaskildaga 14. maí 1854 til Þorkelshólshrepps, þar er hann fyrst var vinnumaðr, en síðan giptist og fór að búa. Þegar hann var búinn að vera 9 ár í Þorkelshólshrepp, var honum sagt af landsdrottni hans, að hann yrði að víkja burt af ábylisljórd sinni. Hann fór því til hreppstjórans í Sveinstaðahreppi, og beiddi hann að útvega sér jarðnæði. Hreppstjórinn kvadst ekki vita af neinu lausu, en bauð Magnúsi samt að flytja sig frá Þorkelshólshreppi til fæðingarhreppsins og ráðgjörði að ráðstafa honum á einhvern hátt. Þar eptir fór Magnús suðr til sjóróðra og var kona hans á meðan fóðrlaus og leitaði hjálpar til hreppstjórans í Sveinstaðahreppi, er þá fékk henni 2 skeffur af korni til að fóðra með ær. Þegar Magnús var kominn heim, bað hann í öndverðum aprilmánuði 1864, þá er hann þóttist vera orðinn bjargarlaus, hreppstjóran í Þorkelshólshrepp að skoða heimili sitt, hvort hann hefði viðunalega matbjörg. Hreppstjórinn skoðaði þá með 2 mönnum matbjörg Magnúsar, og áleit að hann gæti eigi komist af með hana. Hann kom því fyrir 2 börnum Magnúsar, og skrifaði 15. apríl 1864 hreppstjóranum í Sveinstaðahrepp bréf, þar er hann skýrði frá heimilishögum Magnúsar, sagði, að hann hefði, þó eigi nema um litinu tíma, getað komið fyrir 2 yngstu börnum Magnúsar, og skoraði á Sveinstaðahrepp að ráða sem allra fyrst úr vandkvæðum Magnúsar og borga meðgjöfina með börnunum. Þessu bréfi svaraði hreppstjórinn í Sveinstaðahreppi með bréfi 28. s. m. Hann segir þar, að Magnús sé búinn að vera 10 ár í Þorkelshólshrepp, og búinn að innvinna sér þar rétt til framfæris, að hann varla muni þurfa styrks með og að einskis endrgjalds sé að vænta frá Sveinstaðahreppi. — — — — —

Eptir að skrifast hafði verið á um málið og réttarpróf hafði verið átt í því að beiðni hreppstjórans í Sveinstaðahreppi, lagði sýslumaðrinn í Húnavatnssýslu 13. marts 1869 þann úrskurð á málið, að Magnús hefði með 10 ára samfleyttri dvöl áunnið sér rétt til framfærslu í Þorkelshólshreppi, og að Sveinstaðahreppr því eigi yrði skyldaðr til að endrgjalda Þorkelshólshreppi útlát hans fyrir Magnús. Þessum úrskurði, er amtið staðfesti 25. nóvembr. 1869 er nú skotið hingað.

Þegar ræða á um það, hvort Magnús Guðmundsson hafi áunnið sér framfærslu í Þorkelshólshreppi með 10 ára dvöl sinni þar frá 14. maí 1854, kemr fyrst til greina styrkr sá, er honum var veittur í aprilmánuði 1864, og sem getið er um í bréfi Þorkelshólshrepps til Sveinstaðahrepps 15. s. m. Mótmæli þau, er fram hafa komið gegn því að telja þenna styrk sveitarstyrk, fara fram á, að styrkrinn eigi hafi verið nauðsynlegr, og að hann hafi verið endrgoldinn að svo miklu leyti, sem hann hafi náð til tímabilsins fyrir 14. maí, þá er Magnús var búinn að ávinna sér sveitarfestu.

Að styrkrinn að nokkru leyti hafi verið endrgoldinn, getr nú samkvæmt 6. grein fátækrareglugjörðarinnar, er telr það nóg til að missa rétt til framfærslu í hreppi að hafa «notið nokkurs styrks», eigi komið til greina sbr. kansellibréf 23. apríl 1844.

Hvað þeirri mótbáru Sveinstaðahrepps viðvikr, að styrkrinn hafi verið ónauðsynlegr, þá hefir eigi neitt komið fram þessu til stuðnings. Magnús hefir borið, að hann hafi sjálfkrafa beiðið styrksins, og þessi beiðni hans kemr vel heim við það, að hann haustið 1863 óttadist að verða hús- og jarðnæðislaus og því leitaði hjálpar til hreppstjórans í Sveinstaðahreppi, er eigi vísaði honum frá sér, og að kona hans vetrinn þar eptir varð að þiggja hjálp hjá hinum sama hreppstjóra. Að það er upplýst, að Magnús, þá er hann leitaði styrks til Þorkelshólshrepps, átti nokkrar skepnur, getr eigi komið til greina, þar sem skepnur þessar, er að mestu leyti voru veðsettar, eigi voru fleiri en hann auðsjáanlega með þurfti til að sitja jörð þá, er hann bjó á, og það atvik, að árið eptir, að hann fékk styrkinn, var jafnað niðr á hann fátækraútsvari, getr enn þá síðr haft nokkra þýðingu

þar eð það fylgir af sjálfu sér, að þurfamaðrinn undir eins og hann er búinn að þiggja sveitarstyrk, fer að nýju að vinna til þess að fá framfærslurætt með dvöl sinni í hreppi þeim, er hann er í. — — — — —

Eptir öllu því er þannig er int, verður að telja optnefndan Magnús Guðmundsson sveitlægan í Sveinstaðahreppi í Húnavatnssýslu¹.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Með úrskurði norðr- og austramtsins 29. september 1869 er Jónas Guðmundsson, er búid hefir á Spjör í Eyrarsveit í Soæfellsnessýslu, dæmdr sveitlægr í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu, og hreppr þessi skyldaðr til að endrgjalda 19 rd. 20 sk., er Jónas hefir fengið af sveitarsjóði Eyrarsveitar sér og hyski sínu til framfæris.

Þessum úrskurði hefir Þorkelshólshreppr áfrýjað, og hafid þer herra amtmaðr með bréfi yðar 14. f. m. kveidid upp álit yðar um áfrýjun þessa.

Eptir því, sem fram er komid, verður eigi mælt á móti því, að Jónas sá, er nefndr er, hefir notið styrks af sveitinni, á meðan hann dvaldi í Eyrarsveit. Að þessi styrk hefir verið veittr honum, án þess að prestur eðr hreppstjóri hafi leitað styrks handa honum til náskyldra ættingja hans samkvæmt 4. grein fátækrareglugjörðarinnar, hefir enga þýðingu, þar sem eigi er sannað, að slíkir ættingjar væru þektir af sveitarstjórninni í Eyrarsveit, og þar sem þeir ættingjar, er getid er um í málinu, hafa búid í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu og þannig í þeirri fjarlægð frá Eyrarsveit, að eigi gat orðid umtalsmál að leita til þeirra, áðr en styrkr sá, er Jónas með þurfti var veittr. Þareð Jónas eigi hefir dvalid í neinum öðrum hreppi fyrir utan fæðingarhrepp sinn Þorkelshólshrepp svo lengi, að spurning geti orðid um, að hann hafi unnið sér þar framfærslurætt, verður, samkvæmt 7. grein fátækrareglugjörðarinnar, að fallast á úrskurð amtsins um sveitfesti Jónasar. Sömu leiðis getst landshöfðingjanum, að úrskurði amtsins um upphæð þá, er Þorkelshólshreppr á að endrgjalda Eyrarsveit.

Þer eruð því herra amtmaðr beðnir að kynna hlutaðeigöndum, að úrskurðr norðr og austramtsins í málinu 29. septbr. 1869 skuli óraskaðr standa, og að sjá um, að úrskurði þessum verði veitt fullnusta án frekari tafar.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Með heiðruðu bréfi 29. f. m. hefir herra amtmaðrinn sent mér bréf dagsett 16 apríl þ. á. og fara í því bæjarfulltrúarnir í Ísafjarðarkaupstað og hreppstjórinn í Eyrarhreppi þess á leit, að sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu Stefáni Bjarnarsyni verði gjört að skyldu að endrgjalda Kirkjubólshreppi í Strandasýslu 8 vættir og 20 fiska, er tæðr hreppr hefir lagt út fyrir þurfamanninn Ólaf Jónsson með hyski hans, en það er viðrkennt, að þurfamaðr þessi hafi áunnið sér framfærslurætt í hinum fyrverandi Eyrarhreppi, er nú er skipt í 2 sveitarfélög, Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp.

Sumarið 1868 dvaldi Ólafur Jónsson sá, er nefndr var, í Nauteyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu. Hann var þá húsiltur og fór því hlutaðeigandi hreppstjóri þess á leit við sýslu-

1) Úr bréfi þessu er slept því, er snertir þinar einstöku reikningskröfur Þorkelshólshrepps til Sveinstaðahrepps, og skal með tilliti til þeirra einungis getid þess, að Sveinstaðahreppr sem framfærsluhreppr Magnúsar meðal annars var skyldaðr til að endrborga Þorkelshólshreppi 4 rd. 22 sk., sem stöðu eptir óborgaðir fyrir lán af stjórnarkorni, sem Magnús hafði fengið, og var tilfærð sú ástæða fyrir þessari niðrstöðu, að lán þetta hefði verið „veitt á ábyrgð hreppsins, er að skipun stjórnarinnar hefði orðid að borga það úr hreppssjóðnum“ og var ekkert tillit tekið til, að Þorkelshólshreppr hefði ekki ritað lán þetta í sveitarbókina, fyr en útsæð þótti um, að Magnús endrborgaði lánið sjálf.

58
30sta
septbr.
1873.

59
30sta
septbr.
1873.

60
30ja
oktbr.
1873.